# Matís ohf.

# Ársreikningur 2018

Matís ohf.
670906-0190
Vínlandsleið 12
108 Reykjavík

# Efnisyfirlit


| | bls. | | bls. |
|---|---|---|---|
| Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra ..................... | 3 | Efnahagsreikningur .......................................... | 7 |
| Áritun endurskoðenda ............................................ | 4 | Yfirlit um sjóðstreymi ....................................... | 9 |
| Rekstrarreikningur .................................................. | 6 | Skýringar .......................................................... | 10 |

## Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra á ársreikninginn

Félagið var stofnað árið 2006 á grundvelli laga nr. 68/2006. Matís er þekkingar- og rannsóknafyrirtæki og sinnir umfangsmiklum rannsóknum og nýsköpun á sviði matvæla og líftækni í þágu atvinnulífsins, matvælaöryggis og lýðheilsu. Matís vinnur markvisst að því að auka verðmætasköpun, efla samkeppnishæfni íslenskra afurða og atvinnulífs og nýsköpunarhæfni Íslands. Starfsemi Matís er fjármögnuð af þjónustusamningi við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (ANR), verkefnum fyrir ýmsar aðrar opinberar stofnanir og eftirlitsaðila, ráðgjafaverkefnum, þjónustumælingum og rannsókna-nýsköpunarverkefnum úr innlendum og erlendum samkeppnissjóðum. Matís er með starfssemi víðsvegar um Ísland og skiptist kjarnastarfsemi fyrirtækisins í fjögur svið, rannsóknir og nýsköpun, mæliþjónusta og innviðir, innleiðing og áhrif og rekstrarsvið.

Tap varð af rekstri félagsins fyrir árið 2018 að fjárhæð kr. 36,6 milljónir samkvæmt rekstrarreikningi. Þann 31. desember námu heildareignir félagsins kr. 774,1 milljónum og bókfært eigið fé nam kr. 247,9 milljónum samkvæmt efnahagsreikningi. Ársgildi hjá Matís á árinu 2018 voru 103,7 þar konur 65,3 og karlar 38,4.

Í stjórn félgagsins eru sjö stjórnarmenn og þar af fjórar konur. Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður á árinu 2019 vegna ársins 2018, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé félagsins á árinu.

Hlutafé félagsins nemur 150 millj. kr. og er allt í eigu ríkissjóðs

Stjórn félagsins og forstjóri staðfesta hér með ársreikninginn fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík,

Í stjórn Matís ohf:

Sjöfn Sigurgísladóttir

Sigmundur Einar Ófeigsson

Sigrún Traustadóttir

Sindri Sigurðsson

Drífa Kristín Sigurðardóttir

Arnar Árnason

Helga Sigurrós Valgeirsdóttir

Forstjóri:

Oddur Már Gunnarsson

### Til stjórnar og hluthafa Matís ohf.

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Matís ohf. fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við staðfestum að samkvæmt okkar bestu vitund eru í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Matís ohf. 31. desember 2018, afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér á eftir. Við erum óháð Matís ohf. og í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að undirbyggja álit okkar.

### Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og forstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Matís ohf. Ef við á, skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og forstjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

### Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er mikið öryggi en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit okkar. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með taldar skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem kunna að koma upp við endurskoðun okkar þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun,

ríkisendurskoðandi.

endurskoðandi.

# Rekstrarreikningur fyrir árið 2018

| | Skýr. | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | |
| Seld þjónusta | 3 | 1.563.676.426 | 1.651.701.691 |
| **Rekstrargjöld:** | | | |
| Laun og tengd gjöld | 4 | 1.033.960.330 | 1.032.924.815 |
| Annar rekstrarkostnaður | 5 | 520.087.301 | 563.648.393 |
| Afskriftir | | 66.158.515 | 68.011.592 |
| | | 1.620.206.146 | 1.664.584.800 |
| Rekstrartap fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | ( 56.529.720) | ( 12.883.109) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 6 | 10.801.408 | 3.340.354 |
| Rekstrartap fyrir tekjuskatt | | ( 45.728.312) | ( 9.542.755) |
| Tekjuskattur | 11 | 9.142.242 | 1.905.191 |
| **Tap ársins** | | ( 36.586.070) | ( 7.637.564) |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Skýr. | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir:** | | | |
| Óefnislegar eignir: | | | |
| Hugbúnaður | | 12.358.016 | 11.775.707 |
| | 7 | 12.358.016 | 11.775.707 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | |
| Rannsóknartæki | | 172.378.149 | 141.797.881 |
| Áhöld og tæki | | 259.654 | 1.206.481 |
| Innréttingar | | 3.151.465 | 3.044.702 |
| | 8 | 175.789.267 | 146.049.064 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | |
| Eignarhlutir í dótturfélögum | | 1.000.000 | 1.000.000 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | | 820.000 | 820.000 |
| Tekjuskattsinneign | 11 | 2.217.730 | 0 |
| | | 4.037.730 | 1.820.000 |
| Fastafjármunir | | 192.185.013 | 159.644.771 |
| **Veltufjármunir:** | | | |
| Vörslusjóður vegna verkefna | | 66.736.131 | 22.868.074 |
| Viðskiptakröfur, almennar | 9 | 82.780.251 | 111.612.841 |
| Viðskiptakröfur vegna verkefna í vinnslu | | 277.979.531 | 263.379.990 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | | 798.362 | 1.737.025 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 1.785.442 | 0 |
| Handbært fé | | 151.831.049 | 184.314.970 |
| Veltufjármunir | | 581.910.766 | 583.912.900 |
| **Eignir samtals** | | 774.095.779 | 743.557.670 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | | |
| Hlutafé | | 150.000.000 | 150.000.000 |
| Yfirverðsreikningur | | 4.948.160 | 4.948.160 |
| Lögbundinn varasjóður | | 916.793 | 916.793 |
| Óráðstafað eigið fé | | 92.006.847 | 128.592.917 |
| Eigið fé samtals | 10 | 247.871.800 | 284.457.870 |
| **Skuldbindingar:** | | | |
| Tekjuskattsskuldbinding | 11 | 0 | 6.924.512 |
| **Skammtímaskuldir:** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 85.622.364 | 34.426.743 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | 12 | 215.906.597 | 220.461.364 |
| Vörslusjóður verkefna | 13 | 66.736.131 | 22.868.074 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 14 | 157.958.886 | 174.419.107 |
| | | 526.223.978 | 452.175.288 |
| Skuldir og skuldbindingar samtals | | 526.223.978 | 459.099.800 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 774.095.779 | 743.557.670 |

# Yfirlit um sjóðstreymi fyrir árið 2018

| | Skýr. | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | |
| **Hreint veltufé frá rekstri:** | | | |
| Tap ársins | | ( 36.586.070) | ( 7.637.564) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | | 66.158.515 | 68.011.592 |
| Breyting á áunnu orlofi | | ( 1.143.268) | ( 2.486.123) |
| Framlag í afskriftareikn. viðskiptakrafna | | 3.788.507 | 5.468.026 |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingu | | 5.622.473 | 3.211.687 |
| Breyting á tekjuskattsskuldbindingu | | ( 6.924.512) | ( 3.401.480) |
| Breyting á tekjuskattsinneign | | ( 2.217.730) | |
| | | 28.697.915 | 63.166.138 |
| **Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:** | | | |
| Viðskiptakröfur | | 10.444.542 | 16.797.066 |
| Vörslusjóður verkefna | | ( 43.868.057) | 173.455.949 |
| Aðrar skammtímakröfur | | ( 846.779) | ( 1.048.892) |
| **Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 51.195.621 | ( 19.254.166) |
| Vörslusjóður verkefna | | 43.868.057 | ( 172.186.143) |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | | ( 4.554.767) | ( 58.390.962) |
| Aðrar skammtímaskuldir | | ( 20.939.426) | ( 22.717.752) |
| **Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda** | | 35.299.191 | ( 83.344.900) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 63.997.106 | ( 20.178.762) |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | | ( 92.614.967) | ( 31.179.137) |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | | ( 3.866.060) | ( 1.964.097) |
| Kaupverð eignarhluta í dótturfélögum | | 0 | ( 250.000) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | ( 96.481.027) | ( 33.393.234) |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | 0 | 0 |
| **(Lækkun) á handbæru fé** | | ( 32.483.921) | ( 53.571.996) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 184.314.970 | 237.886.965 |
| **Handbært fé í lok tímabils** | | 151.831.049 | 184.314.970 |

## Reikningsskilaaðferðir

### 1. Félagið

Matís ohf. er íslenskt opinbert hlutafélag og var stofnað á grundvelli laga nr. 68 frá 2006, lög um stofnun Matvælarannsókna hf. Tilgangur félagsins er að sinna rannsóknum og nýsköpun á sviði matvæla í þágu atvinnulífsins, lýðheilsu og matvælaöryggis og fjármálalegri umsýslu á grundvelli laga og reglugerða sem um þetta gilda, svo og reka aðra skylda starfsemi. Höfuðstöðvar þess eru að Vínlandsleið 12 í Reykjavík. Matís er jafnframt með fjórar starfstöðvar úti á landi, á Ísafirði, á Akureyri, í Neskaupsstað og í Vestmannaeyjum.

### 2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Ársreikningur Matís ohf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði.

b. Matsaðferðir

Viðskiptakröfur og verkefni í vinnslu eru eignfærð á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Matið er framkvæmt af stjórnendum Matís. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar úr bókum Matís.

c. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru yfirfærð í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur peningalegra liða sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður í rekstrarreikning. Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar miðað við gengi uppgjörsdags.

d. Innlausn tekna

Tekjur af sölu eru færðar þegar varan hefur verið afhent og eignarréttur og ábyrgð flyst yfir á kaupanda. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsdegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörunni verði mögulega skilað.

e. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samanstanda af vaxtagjöldum, verðbótum og öðrum kostnaði vegna lána sem reiknuð eru miðað við virka vexti, vaxtatekjum af eignum og gengismun af erlendum gjaldmiðlum.

f. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum.

Þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum sem hafa mismunandi nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og færðar miðað við mismunandi nýtingartíma.

Kostnaður vegna endurnýjunar á einstökum hlutum varanlegra rekstrarfjármuna er eignfærður sem varanlegur rekstrarfjármunur þegar hann fellur til, ef líklegt er að efnahagslegur ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

## Skýringar, frh.:

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Rannsóknatæki | 3 - 5 ár |
| Áhöld og tæki | 3 - 4 ár |
| Innréttingar | 5 ár |

g. Eignarhlutir í dótturfélögum og öðrum félögum

Eignarhlutir í dótturfélagi og öðrum félögum eru eignfærðir á kaupverði.

h. Handbært fé

Til handbærs fjár teljast óbundnar bankainnstæður.

i. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrr í skattuppgjöri en í ársreikningi. Frestuð skatteign er færð vegna tímabundinna mismuna ef líkur eru á að þeir nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Tekjuskattur á hagnað eða tap ársins inniheldur bæði tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema að því marki að hann tengist liðum sem færðir eru beint á eigið fé, en þá er hann færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður skattur ársins, miðað við gildandi skatthlutföll. Tekið er tillit til leiðréttinga vegna fyrri ára.

j. Skuldbindingar

Skuldbindingar vegna áunninna réttinda starfsmanna, svo sem vegna veikindaréttar og fleira eru ekki færðar í reikning félagsins.

k. Til tengdra aðila teljast dótturfélög, starfsmenn og stjórn.

**3. Seld þjónusta greinist þannig:**

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Þjónustusamn. við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti | 450.099.996 | 441.900.000 |
| Erlendir sjóðir og fyrirtæki | 404.522.184 | 475.666.069 |
| Innlendir sjóðir og opinberir aðilar | 399.703.871 | 390.392.598 |
| Innlend fyrirtæki og aðrar tekjur | 309.350.375 | 343.743.025 |
| | 1.563.676.426 | 1.651.701.691 |

**4. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:**

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Laun | 833.582.205 | 856.051.928 |
| Launatengd gjöld | 200.378.125 | 176.872.887 |
| | 1.033.960.330 | 1.032.924.815 |
| Starfsmenn, ársverk | 103,7 | 111,1 |
| Laun og launatengd gjöld stjórnar og forstjóra námu á árinu í millj. kr. | 31,4 | 30,6 |

**5. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:**

| | | |
|---|---|---|
| Beinn rekstarkostnaður við verkefni án launakostnaðar | 186.631.967 | 221.980.951 |
| Rekstur húsnæðis | 179.975.299 | 172.397.714 |
| Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 153.480.034 | 169.269.728 |
| | 520.087.301 | 563.648.393 |

**6. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:**

| | | |
|---|---|---|
| Fjármunatekjur | 3.809.593 | 3.309.601 |
| Fjármagnsgjöld | ( 86.234) | ( 1.307.605) |
| Gengismunur | 7.078.049 | 1.338.358 |
| | 10.801.408 | 3.340.354 |

**7. Óefnislegar eignir greinast þannig:**

| | Einkaleyfi | Hugbúnaður | Samtals |
|---|---|---|---|
| Heildarverð í byrjun árs | 213.537 | 24.298.018 | 24.511.555 |
| Keypt á árinu | 0 | 3.866.060 | 3.866.060 |
| Heildarverð í árslok | 213.537 | 28.164.078 | 28.377.615 |
| Afskrifað í byrjun árs | 213.537 | 12.522.311 | 12.735.848 |
| Afskrifað á árinu | 0 | 3.283.752 | 3.283.752 |
| Afskrifað í lok árs | 213.537 | 15.806.063 | 16.019.600 |
| Bókfært verð í lok árs | 0 | 12.358.015 | 12.358.016 |
| Afskriftahlutföll | 25% | 20% | |

**8. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:**

| | Rannsóknartæki | Innréttingar | Áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Heildarverð í byrjun árs | 675.075.495 | 11.304.619 | 8.958.729 | 695.338.843 |
| Keypt á árinu | 91.227.937 | 1.387.030 | 0 | 92.614.967 |
| Heildarverð í lok árs | 766.303.432 | 12.691.649 | 8.958.729 | 787.953.810 |
| | | | | |
| Afskrifað í byrjun árs | 533.277.614 | 8.259.917 | 7.752.248 | 549.289.779 |
| Afskrifað á árinu | 60.647.669 | 1.280.267 | 946.827 | 62.874.763 |
| Afskrifað í lok árs | 593.925.283 | 9.540.184 | 8.699.075 | 612.164.542 |
| | | | | |
| Bókfært verð í lok árs | 172.378.149 | 3.151.465 | 259.654 | 175.789.267 |
| | | | | |
| Afskriftahlutföll | 20-30% | 20% | 20-30% | |

Vátryggingarverð varanlegra rekstrarfjármuna í árslok 2018 nam eftirtöldum fjárhæðum:

| | |
|---|---|
| Vátryggingarverð varanlegra rekstrarfjármuna | 869.237.000 |
| Rafeindatrygging rannsóknatækja | 379.622.000 |
| | 1.248.859.000 |

**9. Viðskiptakröfur greinast þannig:**

| | |
|---|---|
| Erlendir viðskiptamenn | 11.873.647 |
| Innlendir viðskiptamenn | 68.960.292 |
| Tengdir aðilar | 1.946.312 |
| | 82.780.251 |

**10. Eigið fé:**

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 150 millj. kr og er það allt í eigu ríkissjóðs. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í móðurfélaginu.

Yfirlit um breytingar á eigin fé:

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Lögbundinn varasjóður | Annað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé í byrjun árs | 150.000.000 | 4.948.160 | 916.793 | 128.592.917 | 284.457.870 |
| Tap ársins | | | | ( 36.586.070) | ( 36.586.070) |
| Tillag í varasjóð | | | 0 | 0 | 0 |
| Eigið fé í lok árs | 150.000.000 | 4.948.160 | 916.793 | 92.006.847 | 247.871.800 |

## 11. Tekjuskattsinneign (skuldbinding) félagsins greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun | ( 6.924.512) |
| Reiknaður tekjuskattur ársins | 9.142.242 |
| Tekjuskattur til greiðslu | 0 |
| Tekjuskattsinneign í lok árs | 2.217.730 |

Tekjuskattsinneign (skuldbinding) félagsins skiptist á eftirfarandi liði í efnahagsreikningi:

| | |
|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | ( 353.865) |
| Viðskiptakröfur | ( 1.736.828) |
| Dreifing gengismunar skv. skattalögum | ( 1.032.964) |
| Yfirfæranlegt skattalegt tap | 5.341.387 |
| Tekjuskattsinneign í lok árs | 2.217.730 |

## 12. Fyrirfram innheimtar tekjur:

Fyrirframinnheimtar tekjur samanstanda af styrkjum vegna verkefna, sem eru greiddir fyrirfram sem tekjufærast síðar miðað við framgang verkefnanna.

## 13. Vörslusjóðir verkefna:

Vörslusjóðir verkefna eru erlendir og innlendir styrkir, sem Matís heldur utan um og eru geymdir á bankareikningum og eru ekki hluti af handbæru fé. Þeim er úthlutað eftir því sem áföngum er náð í verkefnum, sem styrkirnir voru veittir til.

## 14. Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig: :

| | |
|---|---|
| Áfallin orlofsskuldbinding | 112.189.239 |
| Afdregin staðgreiðsla vegna starfsmanna og ógreitt tryggingagjald | 23.392.044 |
| Lífeyrissjóðsiðgjöld vegna starfsmanna | 22.377.603 |
| | 157.958.886 |

## 15. Helstu kennitölur félagsins

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Veltufjárhlutfall | 1,11 | 1,29 |
| Eiginfjárhlutfall | 32% | 38% |
| Arðsemi eigin fjár | -13,8% | -2,7% |